

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 25. júlí 1985

um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum vegna skað-
semisábyrgðar á gölluðum vörum

(85/374/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,
einkum 100. gr.,með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar-
innar ⁽³⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Nauðsynlegt er að samræma lög aðildarríkja um skaðabóta-
ábyrgð framleiðanda á tjóni sem hlýst af ágalla á vöru sem
hann hefur framleitt vegna þess að núverandi ósamræmi
kemur í veg fyrir eðlilega samkeppni og vöruviðskipti innan
hins sameiginlega markaðs og býður neytendum mismun-
andi vernd gegn líkamstjóni eða tjóni á hlut sem hlýst af
ágalla á vöru.

Ábyrgð framleiðanda án sakar (hlutlæg bótaábyrgð) er eina
leiðin til að finna viðunandi svar við spurningu, sem aukin
tæknivæðing hefur leitt af sér, um hvernig dreifa má áhættu,
sem fylgir nútímataekni framleiðslu, á réttlátan hátt.

Ábyrgð án sakar tekur einungis til lausafjármuna sem eru
afurðir iðnaðar; af þessum sökum eru landbúnaðarafurðir
og villibráð undanskilin nema þau hafi verið hráefni í iðn-
aðarframleiðslu sem hefði getað valdið ágalla. Ábyrgð, sem
ráð er gert fyrir í þessari tilskipun, tekur líka til lausafjár-
muna sem notaðir eru við gerð fasteigna eða orðnir eru hluti
fasteigna.

Til að tryggja neytendavernd bera allir framleiðendur, sem
hlut eiga að framleiðsluferli, ábyrgð á vöru sem þeir full-
vinna eða búa til að hluta eða á hráefni sem þeir láta af hendi
sem hefur ágalla. Af sömu ástæðum bera þeir líka ábyrgð
sem flytja inn vörur til bandalagsins eða láta líta svo út að

þeir séu framleiðendur með því að setja nafn sitt, vörumerki
eða annað auðkenni á vöru, eða láta af hendi vöru sem er
þannig úr garði gerð að ekki er hægt að komast að því hver
sé upprunalegur framleiðandi.

Séu tveir eða fleiri einstaklingar bótaskyldir vegna sama
tjóns verður tjónþoli að eiga rétt til fullra skaðabóta frá
hverjum þeirra til þess að tryggja neytendavernd.

Með það fyrir augum að vernda bæði persónulega velferð
og eignir neytanda telst vara ekki haldin ágalla vegna þess
að hún er óhæf til notkunar heldur vegna þess að hún er
ekki eins örugg og með réttu mætti vænta. Ber að meta
slíkan ágalla með því að útiloka óöryggi sem gæti stafað af
misnotkun vörunnar við venjulegar aðstæður.

Réttlát skipting ábyrgðar milli tjónþola og framleiðanda
felur í sér að framleiðandi beri ekki bótaábyrgð samkvæmt
lögum þessum ef hann sannar að fyrir hendi séu ákveðnar
aðstæður sem leysa hann undan ábyrgð.

Til að tryggja neytendavernd hefur það ekki áhrif á ábyrgð
framleiðanda þótt aðgerðir eða aðgerðaleyfi annarra hafi
valdið tjóninu að einhverju leyti. Heimilt er þó að lækka
eða fella niður bætur ef tjónþoli er meðvaldur að tjóni af
gáleysi.

Til að tryggja neytendavernd er krafist bóta vegna dauða-
slyss eða líkamstjóns auk tjóns á hlut. Bótaábyrgð takmark-
ast samt við muni sem tjónþoli hefur aðallega til einkanota
eða -neyslu og er háð því að tjónþoli beri í eigin áhættu
lágmarksfjárhæð til þess að koma í veg fyrir málaferli í
óþarflega mörgum tilvikum.

Tilskipun þessi hefur ekki áhrif á rétt tjónþola til bóta vegna
óþæginda og þjáningar og annars tjóns en fjártjóns eftir
almennum skaðabótaeglum sem við eiga.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. C 241, 14. 10. 1976, bls. 9
og Stjttíð. EB nr. C 271, 26. 10. 1979, bls. 3.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. C 127, 21. 5. 1979, bls. 61.

⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. C 114, 7. 5. 1979, bls. 15.

Samræmdur fyrningarfrestur fyrir málshöfðun vegna tjóns
er til hagsbóta bæði fyrir tjónþola og framleiðanda. Eðlilegt

má telja að vörur úreldest eftir því sem tími líður og að sífellt meiri öryggiskröfur verði gerðar til vara eftir því sem framfarir í tækni og vísindum leyfa. Af þeim ástæðum þykir ósanngjarnt að framleiðandi beri ábyrgð á ágöllum á vöru sinni um ótakmarkaðan tíma. Því fyrnist ábyrgð hans þegar sanngjarn tími er liðinn, án þess þó að slíkt hafi áhrif á kröfur sem bíða afgreiðslu dóms og laga.

Til þess að vernda neytendur á árangursríkan hátt er óheimilt að víkja frá skaðabótareglum þessum með sérsamningi um ábyrgð framleiðanda gagnvart tjonþola.

Tjonþoli getur átt rétt eftir landslögum í aðildarríkjum, innan eða utan samninga, til skaðabóta annarra en þeirra sem ráð er gert fyrir með þessari tilskipun. Að svo miklu leyti sem slík ákvæði stuðla líka að aukinni neytendavernd, skulu ákvæði þessarar tilskipunar ekki hafa áhrif á rétt tjonþola til bóta samkvæmt þeim. Að svo miklu leyti sem vernd neytenda á sviði lyfjaframleiðslu er þegar nægilega tryggð í aðildarríki samkvæmt sérreglum um ábyrgð framleiðenda lyfjavara, verður neytendum áfram heimilt að leitar réttar síns á því sviði á sambærilegan hátt.

Að svo miklu leyti sem ábyrgð á líkamstjóni eða tjóni á hlut af völdum kjarnorku er þegar nægilega tryggð í öllum aðildarríkjum með sérreglum á því sviði, hefur verið unnt að láta tjon af þessu tagi standa utan gildissviðs tilskipunar þessarar.

Í þeim aðildarríkjum, þar sem það þykir ábótavant með tilliti til sem víðtækastrar neytendaverndar að ákvæði tilskipunar þessarar nái ekki til landbúnaðarafurða og þar sem talið er að slíkt takmarki gildi hennar um of, er heimilt að auka skaðsemisábyrgð svo að hún nái til slíkra vara.

Af svipuðum ástæðum getur það í ýmsum aðildarríkjum talist takmarka gildi tilskipunar fyrir neytendavernd um of að framleiðandi beri ekki ábyrgð ef hann færir sönnur á það að ekki hafi verið unnt að finna ágalla á grundvelli fræðilegrar eða tæknilegrar þekkingar sem völ var á þegar hann dreifði vörunni. Þegar þannig er ástatt er aðildarríki heimilt að láta ákvæði í landslögum sem leyfa ekki slíkar undanþágur gilda áfram eða að taka upp ný lög til þess. Við samþykkt nýrra laga, er taka þessa stefnu og víkja frá ofangreindum ákvæðum, skal þó farið eftir stöðvunartilhögun bandalagsins þannig að færi gefist á að auka vernd neytenda á samræmdan hátt í öllum aðildarríkjum bandalagsins.

Með tilliti til lagahefða í flestum aðildarríkjum þykir ekki við hæfi að takmarka ábyrgð framleiðanda án sakar við tiltekna hámarksfjárhæð. Þar eð lagahefðir eru misjafnar

er þó gert ráð fyrir því að einstökum aðildarríkjum verði heimilað að víkja frá reglunni um ótakmarkaða ábyrgð með því að setja reglur um sérstaka hámarksfjárhæð fyrir heildararbyrgð framleiðanda vegna dauðaslyss eða líkamstjóns er rakið verður til vöru sem er nákvæmlega eins og haldin sama ágalla enda verði slík upphæð nægilega há til þess að sjá neytendum fyrir viðeigandi vernd og tryggja eðlilega starfsemi hins sameiginlega markaðs.

Þótt samræming sem af þessari tilskipun leiðir geti engan veginn talist fullnægjandi á þessu stigi mála getur hún rutt brautina fyrir frekari samræmingu. Nauðsynlegt er af þeim ástæðum að ráðið fái með jöfnu millibili skýrslur frá framkvæmdastjórninni um framkvæmd tilskipunar þessarar, ásamt viðeigandi tillögum þegar við á.

Þykir það sérstaklega mikilvægt í þessu sambandi að ákvæði tilskipunar þessarar, sem heimila setningu sérreglna í einstökum aðildarríkjum, verði tekin til endurskoðunar þegar nægilegur tími er liðinn til þess að reynsla hafi fengist af áhrifum slíkra undanþága á neytendavernd og starfsemi hins sameiginlega markaðs.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Framleiðandi ber ábyrgð á tjóni sem hlýst af ágalla á vöru hans.

2. gr.

Í þessari tilskipun þýðir „vara“ hvers kyns lausafjarmuni, að undanskildum ónumnum landbúnaðarafurðum og villibráð, jafnvel þótt orðnir séu hluti annars lausafjánhltar eða fasteignar. Til „óunninna landbúnaðarafurða“ teljast afurðir jarðyrkju, kvikfjárræktar og fiskveiða, að undanskildum vörum sem hafa verið unnar að einhverju leyti. Orðið „vara“ nær líka til rafmagns.

3. gr.

1. „Framleiðandi“ telst sá vera er býr til fullnna vöru eða hluta vöru eða lætur af hendi hráefni og auk þess sá er lætur líta svo út að hann sé framleiðandi með því að setja nafn sitt, vörumerki eða annað auðkenni á vöru.

2. Án þess að það hafi áhrif á ábyrgð framleiðandans telst hver vera framleiðandi í skilningi þessarar tilskipunar er í atvinnuskyni flytur vöru til landsins í þeim tilgangi að selja, leigja, dreifa eða versla með hana á annan hátt og ber hann ábyrgð sem slíkur.

3. Sé ekki hægt að komast að því hver hafi búið til vöru telst hver dreifingaraðili hennar framleiðandi nema hann skýri þeim sem fyrir tjóni varð án óþarfs dráttar frá nafni og heimilisfangi framleiðanda eða þess sem afhenti honum vöruna. Þetta á líka við þegar um innflutta vöru er að ræða, beri hún ekki nafn innflytjanda, jafnvel þótt nafns framleiðanda sé getið.

4. gr.

Tjónþola ber að sanna tjón sitt, ágalla vöru og orsakatengsl milli ágalla og tjóns.

5. gr.

Séu tveir eða fleiri einstaklingar bótaskyldir eftir þessum ákvæðum bera þeir óskipta ábyrgð án þess að það hafi áhrif á ákvæði í landslögum um innbyrðis skiptingu ábyrgðar eða framkröfurétt.

6. gr.

1. Vara telst haldin ágalla þegar hún er ekki svo örugg sem neytandi með réttu mátti vænta eftir öllum aðstæðum, einkum eftirfarandi:

- a) hvernig hún var boðin eða kynnt;
- b) notkun sem með sanngirni mátti gera ráð fyrir;
- c) hvenær vöru var dreift.

2. Vara telst eigi haldin ágalla eingöngu af þeirri ástæðu að betri vara komi síðar á markað.

7. gr.

Framleiðandi ber ekki ábyrgð samkvæmt tilskipun þessari geti hann sannað:

- a) að hann hafi ekki sett vöruna á markað eða
- b) með tilliti til aðstæðna, að líklegt megi teljast að ágalli sá er tjón varð rakið til hafi ekki verið fyrir hendi þegar hann dreifði vörunni eða að þessi ágalli hafi orðið til síðar;
- c) að hann hafi hvorki framleitt vöruna með það fyrir augum að selja eða versla með hana á nokkurn hátt né framleitt hana eða dreift henni í atvinnuskyni;
- d) að ágalli vöru verði rakinn til ófrávíkjanlegra fyrirmæla hins opinbera um gerð hennar;
- e) að ekki hafi verið unnt að finna ágallann á grundvelli fræðilegrar eða tæknilegrar þekkingar sem völ var á þegar vöru var dreift eða

f) að, sé um að ræða framleiðanda hluta í vöru, ágallinn verði rakinn til gerðar hinnar fullunnu vöru sem hlutinn er notaður í eða til fyrirmæla sem framleiðandi hennar hefur gefið.

8. gr.

1. Ábyrgð framleiðanda minnkar ekki þótt tjón verði rakið bæði til ágalla á vöru og til aðgerða eða aðgerðaleyfis þriðja aðila, án þess að slíkt hafi áhrif á ákvæði í landslögum um innbyrðis skiptingu ábyrgðar eða framkröfurétt.

2. Heimilt er að minnka ábyrgð framleiðanda eða fella hana niður, með hliðsjón af öllum aðstæðum, þegar ágalli er á vöru og tjónþoli eða annar á hans vegum er meðvaldur að tjóni.

9. gr.

Í 1. gr. þessari tilskipunar þýðir „tjón“

- a) líkamstjón eða dauðaslys;
- b) tjón eða eyðileggingu á hlut öðrum en vörunni sjálfri sem var haldin ágalla, þó að lágmarki 500 evrópskar mynteiningar (ECU), að því tilskildu að hlutur sá:
 - i) sé samkvæmt gerð sinni venjulega ætlaður til einkanota eða -neyslu og
 - ii) sá, sem fyrir tjóni varð, hafði hlutinn aðallega til einkanota eða -neyslu.

Grein þessi hefur ekki áhrif á ákvæði í landslögum um tjón annað en fjártjón.

10. gr.

1. Í lögum sínum gera aðildarríki ráð fyrir að kröfur um bætur vegna skaðsemistjóns eftir þessum ákvæðum fyrnist eftir þrjú ár. Fyrningarfrestur þessi gildir frá þeim degi er tjónþoli fékk eða mátti fá vitneskju um tjón sitt, ágalla vörunnar og nafn og heimilisfang framleiðanda hennar.

2. Ákvæði landslaga um slit fyrningar eða lengingu fyrningarfrests skulu gilda áfram.

11. gr.

Í lögum sínum gera aðildarríki ráð fyrir að réttur til bóta vegna skaðsemistjóns eftir ákvæðum þessum falli niður eftir tíu ár frá þeim degi er framleiðandi dreifði vöru er tjón hlaust af, hafi tjónþoli ekki hafið málssókn gegn framleiðanda innan þess tíma.

12. gr.

Eigi má víkja frá ákvæðum þessarar tilskipunar með reglum er takmarka ábyrgð framleiðanda eða leysa hann undan ábyrgð þannig að réttur tjónþola verði minni en þau veita.

13. gr.

Tilskipun þessi hefur ekki áhrif á rétt tjónþola til bóta eftir landslögum um skaðabætur innan eða utan samninga eða eftir sérreglum sem í gildi eru þegar tilskipunin er birt.

14. gr.

Tilskipun þessi nær ekki til tjóns sem verður rakið til kjarnorkuslysa og fellur undir ákvæði fjölbjóðasamninga sem aðildarríki hafa staðfest.

15. gr.

1. Hverju aðildarríki er heimilt:

- a) að víkja frá ákvæðum 2. gr. í lögum sínum þannig að orðið „vara“ eins og það er skilgreint í 1. gr. tilskipunar þessarar taki líka til óunninna landbúnaðarafurða og villibráðar;
- b) að víkja frá ákvæðum e-liðar 7. gr., samkvæmt málsmeðferð sem tilgreind er í 2. mgr. þessarar greinar, með því að samþykkja reglur sem gera framleiðanda ábyrgan jafnvel þótt hann geti sannað að ekki var unnt að finna ágallann á grundvelli fræðilegrar eða tæknilegrar þekkingar sem völ var á þegar vöru var dreift.

2. Aðildarríki, sem hyggst taka upp reglur sem skýrt er frá í b-lið 1. mgr., sendir viðeigandi kafla til framkvæmdastjórnarinnar. Framkvæmdastjórnin tilkynnir það hinum aðildarríkjunum. Hlutaðeigandi aðildarríki skal fresta gildistöku áformaðra reglna í níu mánuði eftir að hafa tilkynnt framkvæmdastjórninni þar um, svo lengi sem framkvæmdastjórnin hefur ekki lagt fyrir ráðherraráð tillögur um breytingar á þessari tilskipun þar að lútandi. Ef, hins vegar, framkvæmdastjórnin tilkynnir ekki hlutaðeigandi aðildarríki innan þriggja mánaða frá því hún fékk upplýsingar um fyrirhugaðar lagareglur að hún hyggist leggja tillögu sama efnis fyrir ráðherraráðið, má aðildarríki samþykkja reglurnar þá þegar. Skili framkvæmdastjórnin tillögu sinni

um breytingar á þessari tilskipun til ráðherraráðs innan fyrrgreindra níu mánaða, skal aðildarríki fresta gildistöku áformaðra reglna um átján mánuði í viðbót frá þeim degi er tillaga þessi er lögð fram.

3. Framkvæmdastjórnin skal skila til ráðherraráðs, tíu árum eftir að tilskipun þessi er birt, skýrslu um áhrif sem úrskurðir dómstóla á grundvelli e-liðar 7. gr. og b-liðar 1. mgr. þessarar greinar hafa á neytendavernd og starfsemi hins sameiginlega markaðs. Í ljósi niðurstaðna þessarar skýrslu og samkvæmt ákvæðum 100. gr. sáttmálans skal ráðherraráðið ákvarða hvort fella eigi burt e-lið 7. gr.

16. gr.

1. Aðildarríkjunum er heimilt að takmarka samanlagða ábyrgð framleiðanda vegna líkamstjóns eða dauðaslyss er rakið verður til vöru sem er nákvæmlega eins og haldin sama ágalla við fjárhæð sem svarar til sjötíu milljóna evrópskra mynteininga (ECU).

2. Framkvæmdastjórnin skal skila til ráðherraráðs, tíu árum eftir að tilskipun þessi er birt, skýrslu um áhrif sem hámarksábyrgð framleiðanda, sem um er getið í 1. mgr. þessarar greinar, hefur á neytendavernd og starfsemi hins sameiginlega markaðs í aðildarríkjunum sem hafa notfært sér þennan möguleika. Í ljósi niðurstaðna þessarar skýrslu og samkvæmt ákvæðum 100. gr. sáttmálans skal ráðherraráðið ákvarða hvort fella eigi burt 1. mgr.

17. gr.

Tilskipun þessi gildir ekki um vöru sem framleiðandi dreifir fyrir gildistöku þeirra lagaákvæða sem kveðið er á um í 19. gr.

18. gr.

1. Í tilskipun þessari hefur evrópsk mynteining það gildi sem tiltekið er í reglugerð 3180/78/EBE⁽¹⁾, með breytingum samkvæmt reglugerð 2626/84/EBE⁽²⁾. Jafngildi þess í gjaldmiðli hlutaðeigandi aðildarríkis skal reiknað samkvæmt gengi er skráð var þann dag er tilskipun gekk í gildi.

2. Á fimm ára fresti skal ráðherraráðið, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, endurskoða upphæðir sem tilgreindar eru í tilskipun þessari með hliðsjón af þróun efnahags- og peningamála innan bandalagsins.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. L 379, 30. 12. 1978, bls. 1.

⁽²⁾ Stjútíð. EB nr. L 247, 16. 9. 1984, bls. 1.

19. gr.

1. Aðildarríki skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að framfylgja tilskipun þessari innan þriggja ára frá birtingu hennar. Skulu þau jafnframt tilkynna það framkvæmdastjórninni ⁽¹⁾.

2. Málsmeðferð, sem tilgreind er í 2. mgr. 15. gr. tekur gildi frá og með birtingardegi tilskipunar þessarar.

20. gr.

Aðildarríki gæta þess að senda framkvæmdastjórninni helstu kafla úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

21. gr.

Framkvæmdastjórnin skal skila til ráðherraráðsins á fimm ára fresti skýrslu um framkvæmd þessarar tilskipunar og, ef þörf krefur, láta ráðinu í té viðeigandi tillögur um breytingar á henni.

22. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 25. júlí 1985.

Fyrir hönd ráðsins,

J. POOS

forseti.

⁽¹⁾ Tilkynning um tilskipun þessa var send aðildarríkjum 30. júlí 1985.